

Heimilisfræði 2. bekkur vetur 2022-2023

Kennarar: Sigfríður Jódís Halldórsdóttir

2

Lýsing

Markmiðið:

Gert greinarmun á hollum og óhollum mat og áhrif hans á líkama og líðan. Farið eftri einföldum leiðbeiningum um þrif og hreinlæti. Farið eftir einföldum uppskriftum og útbúið hollar máltíðir með aðstoð. Þekki helstu hættur sem varast þarf í eldhúsi. Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.

Kennsla: bókleg, verkleg.

Mat: Símat, einnig gefir fyrir hegðun.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Unnið í litlum hópum í verklegri vinnu undir stjórn kennara.

Í upphafi tímans byrjar kennari á innlögn. Þar eru þær matreiðslu- og baksturaðferðir lagaðar inn.

Því næst vinna nemendur verkefni í litlum hópum undir stjórn kennara.

Að því loknu er frágangur og lögð er áhersla á að nemendur tileikni sér góðan frágang í eldhúsinu.

Námsaðlögun

Komið er til móst við nemendur þar sem þeir eru staddir með myndrænum uppskriftum og því sem þurfa þykir. Einnig fá nemendur persónulegan stuðning.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

VS Heimilisfræði 2 bekkur.

- **Samantekt**

VS Heimilisfræði 2 bekkur. - Matur og lífshættir

- Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

VS Heimilisfræði 2 bekkur. - Matur og vinnubrögð

- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

VS Heimilisfræði 2 bekkur. - Matur og umhverfi

- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Skilið einfaldar umbúðamerkingar.

VS Heimilisfræði 2 bekkur. - Matur og menning

- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.
- Umgengni góð og framkoma til fyrirmyndar.